

Trúin á Trump. Hinir feigu og fjörbrot heimsveldis: I þáttur

(Fyrri þáttur af tveim um efnið. Heimildalisti fylgir seinni þætti.)

„Trump er þröngsýnn, fáfróður, fordómafullur fábjáni. Hans málflutningur er markmið hryðjuverkamanna. Að hans fylgjendur telji okkur hin naív er hjákátlegt.“ (Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra Íslendinga og varaformaður Kristilega jafnaðarmannaflokksins (Sjálfstæðisflokksins)).

Þessi „fordómafulli fábjáni“ sigraði forsetakosningarnar í Bandaríkjunum með yfirburðum. Hann stendur nú miklu sterkar að vígi, en við sigurinn fyrir átta árum. Flokkur hans, Lýðveldisflokkurinn (Repúblíkanar), hefur meirihluta í báðum þingdeildum – að því er virðist á skrifandi stundu.

Það kann þó að skipta litlu máli í raun. Færð hafa verið rök fyrir því, að í raun sé enginn málefnalegur ágreiningur milli flokkanna. Þeir eru báðir „í eigu auðjöfranna,“ um eitt hundrað fjölskyldna, sem stjórna djúpríkinu (auðjöfrum og handbenda þeirra í stjórnámum og stjórnsýslu) og velja forsetja við múgsefjun, mútur, ofbeldi og spillingu. Það er angi alþjóðlegs auðvalds. Meginþræðir þess liggja um Lundúnir, Vatíkanið og Wall Street.

Þrátt fyrir hetjulega baráttu nokkurra forseta Bandaríkjanna gegn alheimsauðvaldinu, lutu þeir í lægra haldi, voru ráðnir af dögum, eins og Andrew Jackson (1767-1845), William Henry Harrison (1773-1841), Zachary Taylor (1784-1850), Abraham Lincoln (1809-1865), James Abram Garfield (1831-1881) og William McKinley (1843-1901). Aðrir létust skyndilega af „óþekktum orsökum.“ Zachary hlaut sérlega nóturlegan dauðdaga. Hann hvomaði í sig of mikið af kirsuberjum og svolgraði mjólk.

Stærsti sigur alþjóðaaúðvaldsins var stofnun Seðlabanka Bandaríkjanna (Federal Reserve) árið 1913, eftir breskri fyrirmynd. Rauðskjöldungarnir (Rothschild, þýskir Ashkenazi Gyðingar), sem voru/eru ríkasta ætt veraldar, fóru í fararbroddi. Þeir fela sig oft og tíðum á bak við leppa, einstaklinga, fyrirtæki og sjóði.

Fjárplógsstarfsemi Rauðskjöldunganna felst einkum í okurlánastarfsemi. Mest græða þeir á stríðsrekstri, enda hafa þeir hrundið af stað hverju stríðinu á fætur öðru með hjálp leppa sinna í stjórnámum og herafla þjóðríkjanna. (Fjárfesta, þegar blóðið rennur um göturnar.) Svo skapa þeir vitaskuld fjármálakreppur til að arðræna skattgreiðendur og efla völd sín.

Opinber glæpasamtök, bæði Gyðinga og Ítala, höfðu þegar á þriðja áratugi síðustu aldar náð hreðjatakni á samfélaginu og störfuðu að hluta með auðkýfingunum á Wall

Street og stjórnmálamönnum í báðum flokkum, þ.e. Lýðræðisflokknum (Demókrötum) og Lýðveldisflokknum (Republíkönnum).

Menn eins og Charles „Lucky“ Luciano/Salvatore Lucania (1897-1962) og Meyer Lansky (1902-1983) voru áberandi og handgengnir Sionistum í Ísrael. Meyer reiddi háar fjárhæðir af hendi. En þegar harðnaði á dalnum, fýsti hann að flýja til Ísraels. Golda (Mabovitch) Meir (1898-1978) stóð þó í vegi fyrir því, að glæpaforinginn fengi ríkisborgararétt, enda þótt Gyðingur væri og fjáraflamaður nýlendunnar.

Bæði herinn og leyniþjónustan unnu með glæpahreyfingunni. Svo vel reynist Ísraelum James Jesus Angelton (1917-1987), forstjóri CIA, að reist var stytta honum til heiðurs í landinu.

Bankaauðvaldið færði sig stöðugt upp á skaftið og gerði fasiska valdaránstílraun í forsetatíð Franklin Delano Roosevelt (1882-1945) árið 1934. Stríðshetjan, Smedley Darlington Butler (1881-1940), var valinn til verksins, en hann hafði fengið nóg af því að drepa fólk í þeirra þágu og sveikst undan merkjum.

Eftir seinni heimstyrjöldina tryggði bandaríska auðvaldið völd sín yfir Vesturlöndum og svokölluðum „þriðja heimi“ með stofnun Nató og Leyniþjónstunnar (Central Intelligence Agency, CIA). Í Nató hafa starfað deildir hryðjuverkamanna, stundum kallaðar Gladio (gladiator eða skylmingaprællinn), eftir þeirri ítölsku.

Gladiosveitirnar höfðu það verkefni með höndum að hrella fólk með hryðjuverkum og myrða þá, sem ekki hlutu náð fyrir augum alþjóðaauðvaldsins. Aldo Moro (1916-1978) er dæmi um slíkt fórnarlamb. Svokölluðum kommúnistum var þá iðulega um kennt, en kommúnismi var mógsefjunargrýla þeirra tíma. Kellin sú hefur reyndar reynst langlíf.

Jafnframt gáfu Bandaríkjamenn og alþjóðaauðvaldið fæðingarhjálp til Evrópusambandsins og tryggðu efnahagslega drottun í veröldinni með „alþjóðlegum“ stofnunum eins og Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Íslendingar hafa kynnst lækningum þeirra. Ofurveldi dalsins, olíudalsins, sem alþjóðamyntar, skipti sköpum í þessu sambandi.

Dwight David Eisenhower (1890-1969) varaði í kveðjuræðu sinni 1961 beinlínis við þeirri hættu, sem stafaði af hergagnaauðvaldinu. Hann benti sömuleiðis á þær hættur, sem fælust í eftirlitslausum vísindum og tækni. Honum hugnaðist ekki sú framtíðarsýn, að taflan viki fyrir tölvum.

Hernaðareðli sínu samkvæmt, sbr. orð Dwight, hafa Bandaríkjamenn staðið í nær látlausum styrjöldum, oftast við minni máttar andstæðinga, sem þeir hafa skilgreint eftir þörfum og hagsmunum.

John Quincy Adams (1767-1848) kallaði þessa stríðsáráttu í umræðum um svokallaða (James) Monroe (1758-1831) yfirlýsingu (doctrine) „að leita sér að ófreskjum til að tortíma.“ James Monroe var einn af stofnfeðrum Bandaríkjanna. Í yfirlýsingunni er því lýst yfir, að Ameríka öll sé á yfirráðasvæði Bandaríkjanna.

Samkvæmt eigin skilningi eru Bandaríkjamenn (upphaflega bleikskinnarnir) eins og Ísraelsmenn og fleiri, sérstakir (exceptional, exceptionalism) að gerð og kostum. Því hljóti köllun þeirra að vera sú að beina öðrum á rétta braut í lífinu. Það gerðu þeir m.a. við frumbyggja Norður-Ameríku. Um 1600 var fjöldi frumbyggja líklega um 15 milljónir, en íbúar Nýja-Englands um fjórar. Um 1900 hafði þetta snúist við. Frumbyggjar voru um 250.000, Bandaríkjamenn um 76.3 milljónir.

Helsti útflutningur Bandaríkjamanna núorðið eru stríð, drápstól, lýðræði, mannréttindi og frelsi. Helstu fjandmenn – en áður bandamenn – Kínverjar og Rússar, eru nú skilgreindir erkióvinir hinna frjálsu og hugprúðu. En Rússar (Ráðstjórnarríkin) misstu um 26 milljónir manna í annarri heimstyrjöldinni, Kínverjar um 20. Síðustu öldina hafa rúmlega 150 milljónir fallið í valinn. Edward Griffin kallar þetta Rothschild uppskriftina.

Síðustu áratugi hafa fleiri, sem velgt hafa bankaveldinu eða djúpríkinu undir uggnum, hlotið fjörtjón af eins og hinir fjóru feigu; John Fitzgeral Kennedy (1917-1963), Malcolm X/Malcolm Little (1925-1965), Martin Luther King, Jr. (1929-1968) og Robert Francis Kennedy (1925-1968). Allir börðust þeir fyrir friði. En það er eins og kunnugt er hvorki gróðavænlegt, né lífvænlegt.

Eftir hrun Ráðstjórnarríkjanna á nýrri „amerískri öld“ (New American Century) hafa Bandaríkjamenn haft tögl og haldir í veröldinni. Yfiringurinn er óheyrilegur. Þeir (þ.e. djúpríkið fyrir tilstilli hers og spilltra stjórnámálanna) ráða ríkjum með hugmyndafræði (lýðræði, frelsi, mannréttindi), vitundariðnað, herbrölt og viðskiptaþvinganir, að vopni.

Bandaríkjamenn eru frá lokum annarrar heimstyrjaldarinnar ábyrgir fyrir dauða rúmlega tuttugu milljóna manna í tæpum fjörutíu þjóðlöndum og hafa steypt af stóli 50 ríkisstjórnnum - eða gert tilraun til þess, blandað sér í lýðræðislegar kosningar 30

ríkja og barist gegn frelsishreyfingum í 20 ríkjum. Morð og morðtilraunir á þjóðhöfðingjum eru mýgrútur.

Ray McGovern, fyrrum leyniþjónustumaður, segir völd djúpríkisins tryggð í samsteypu (complex), sem mynduð er af hergagnaiðnaði, þingi, leyniþjónustu, æðri menntun, fölmiðlun og hugveitum (Military-Industrial-Congressional-Intelligence-Media-Academia-Think-Tank complex (MICIMATT)).

Nú ætlar Donald sér þá dul – að sögn – að segja alþjóðlegu auðvaldi stríð á hendur. Verður hann fimmta fórnarlambið? Það vekur óneitanlega athygli, að djúpríkið lét hjá líða að brengla atkvæðafjöldann og leyfði karli að lifa. Því kynni svo að vera, að fyrir liggi „hernaðaráætlun“ um að „gelda hann.“ En hugsanlega hefur djúpríkið gert hann – bak við tjöldin – að skósveini sínum.

Donald ætlar líka eins og almælt er, að gera Bandaríkin stórfengleg á ný (MAGA – make America Great Again). Nýlega gaf hann út svofellda aðgerðaskrá:

Fjarlægja óhæfa skriffinna, hreinsa til í leyni- og öryggisþjónustu sem og FISA (Foreign Intelligence Surveillance Act) eða FISC (Foreign Surveillance Court) njósnadómstólunum; stofna sannleiksráð (Truth and Reconciliation Commission) og afhjúpa djúpríkið; uppræta opinbera fréttalygi; hreinsa til í Uppljóstraraembættinu (Inspector General); stofna eftirlitsnefnd með leyniþjónustunum; flytja hluta stjórnarsýslunnar frá Washington; banna embættismönnum að starfa fyrir fyrirtæki, sem þeir hafa eftirlit með og takmarka setu þingmanna; uppræta ritskoðun hins opinbera og fjölmiðla; setja lög um netvernd borgaranna.

Aðgerðaskráin er óneitanlega uppörvandi. En fátt er sagt um utanríkismál. Eins og allir vita, hanga þau á sömu spýtu og innanríkismálin. Tollvernd t.d. eru alþjóðamál og samdráttur í hermennsku skapar atvinnuleysi á heimavígstöðvum. Hermennska er gríðarlega mikilvæg atvinnugrein í Bandaríkjunum.

En það er varla ástæða til að ætla, að Donald dragi úr umsvifum og aðgerðum bandaríska hersins. Og ei heldur er von til þess, að bandaríski heimsveldisdraumurinn hafi fölnað.

Aukin heldur er stuðningurinn við vitfiringastjórn Ísraels óbrigðull sem og andúðin á Írönum. Donald sleit viðræðum við þá um kjarnorkutækni og lét drepa einn merkasta herforingja þeirra. Sendiráð Bandaríkjamanna lét hann flytja til Jórsala (Jerúsalem) og stal landi og olíu í Sýrlandi.

<https://www.unz.com/pgiraldi/what-comes-next-for-the-palestinians/>

